



Ábyrgð – Virðing – Vinátta

Velkomin í Oddeyrarskóla!

Upplýsingar til foreldra vegna komu barna í 1. bekk



Oddeyrarskóli v/ Víðvelli
600 Akureyri
s. 460-9550

<http://www.oddeyrarskoli.is>

Skólastjóri: Kristín Jóhannesdóttir kristini@akmennt.is
Deildarstjóri yngri deildar: Rannveig Sigurðardóttir rannveig@akureyri.is

EFNISYFIRLIT

Velkomin í Oddeyrarskóla!	3
Áherslur í skólastarfi 2016-2017	3
Leikskóli – grunnskóli	3
Ágúst 2016.....	4
Vinabekkir.....	4
Frímínútur.....	5
Mjólkur- og ávaxtaáskrift	5
Mötuneyti.....	5
Stutt við jákvæða hegðun	6
Frístund.....	6
Íþróttir og sund.....	6
Heilsugæsla – skólahjúkrun.....	7
Efnisgjald – sameiginleg innkaup	7
Skólapeysur fyrir nemendur 1. bekkjar	7
Mikilvægi samstarfs.....	8
Nauðsynlegt að eiga fyrir 1. bekk veturinn 2015-2016.....	9

VELKOMIN Í ODDEYRARSKÓLA!

Það er stór áfangi í lífi hvers barns að hefja skólagöngu. Það er margt nýtt sem þarf að læra og tileinka sér og mikilvægt að kennarar og foreldrar gefi barninu tíma til að átta sig á nýjum stað.

Samvinna kennara og foreldra er mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfi og við viljum leggja áherslu á góð samskipti. Við berum sameiginlega ábyrgð á menntun og þroska barnanna og ef erfiðleikar láta á sér kræla er nauðsynlegt að tala saman og reyna í sameiningu að finna lausn vandans. Við vonum að næsti vetur verði okkur öllum farsæll og að skólaganga nemenda verði þeim til gagns og gleði. Lesa má nánar um ábyrgð, réttindi og skyldur allra í skólasamfélaginu í lögum um grunnskóla: <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>.

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2016-2017

Í vetur verður áfram lögð áhersla á að efla tjáningu og samræður í skólastarfinu eins og gert var sl. vetur. Við getum lært margt með því að eiga innihaldsríkar samræður, skoða allt með gagnrýnum augum og læra þannig hvert af öðru. Aðalnámskrá leggur áherslu á að efla lykilhæfni nemenda og er þetta liður í því. Eins og áður verður unnið áfram að því að efla upplýsingatæknina í skólanum.



LEIKSKÓLI – GRUNNSKÓLI

Það geta verið viðbrigði fyrir krakkana að koma í grunnskóla úr leikskóla. Við höfum átt mjög gott samstarf við hverfisleikskólann Iðavöll og börnin sem þar eru á elstu deild í vetur hafa kynnst skólanum vel með tíðum heimsóknum. Með auknu samstarfi vonumst við til þess að geta komið sem best til móts við þarfir barnanna á nýju skólastigi.

ÁGÚST 2016

Skólastarf hjá 1. bekk hefst með einstaklingsviðtölum kennara við foreldra og barn. Þessi viðtöl munu fara fram mánudaginn 22. og þriðjudaginn 23. ágúst. Kennarar munu hafa samband við ykkur eftir miðjan ágúst til að gefa ykkur nákvæma tímasetningu á viðtali.

Við hvetjum ykkur til að hugsa um hvaða upplýsingum þið viljið koma á framfæri við kennara og punkta þær hjá ykkur fyrir viðtalið. Því betur sem kennararnir þekkja barnið, venjur þess, áhugasvið og aðstæður, því betur gengur að kynnast og taka tillit til þarfa hvers og eins.

Miðvikudaginn 24. ágúst mæta allir nemendur saman og verða í skólanum á milli klukkan 9:00 og 11:00. Foreldrar mæta með börnunum og geta sest niður og fengið sér kaffi og náð tali af stjórnendum ef á þarf að halda. Einnig er velkomið að vera með börnunum í tíma ef þið viljið eða fara frá og sækja þau aftur. Fimmtudaginn 25. ágúst hefst kennsla samkvæmt stundaskrá.

Fljótlega eftir að skólastarf hefst munum við boða til fundar fyrir foreldra. Á þeim fundi munum við sérstaklega leggja áherslu á þætti eins og það að byrja í skóla, heilbrigða lífshætti skólabarna, byrjendalæsi, SMT/PMT og skipulag bekkjarstarfs vetrarins.

VINABEKKIR

Undanfarin ár hafa nemendur 8. bekkjar verið sérstakir vinir 1. bekkjar. Þegar krakkarnir mæta í haust munu nemendur 8. bekkjar verða þeim til aðstoðar fyrstu dagana, t.d. úti í frímínútum. Einnig hafa kennarar þessara bekkja skipulagt saman ýmsa útivist og gönguferðir og þá sér hver nemandi 8. bekkjar um sitt barn í 1. bekk.

Eldri nemendur hafa sinnt þessu hlutverki af ábyrgð og samviskusemi og það er alltaf mjög gaman að sjá nemendur þessara bekkja saman í leik og starfi.

Þegar krakkarnir komu í heimsókn af Iðavelli í mars tók tilvonandi vinabekkur á móti þeim og sýndi þeim skólann, svo mörg þeirra hafa þegar hitt sinn vin í 8. bekk. Þeir fóru einnig saman í gönguferð í vor.



FRÍMÍNÚTUR

Kennsla hefst kl. 8:10 hvern morgun. Frímínútur eru frá kl. 10:10 – 10:35. Nauðsynlegt er að nemendur séu klæddir eftir veðri og jafnvel með auka fatnað í töskunni. Hádegishlé hefst klukkan 11:35. Þegar búið er að borða fara allir út og leika sér til klukkan 12:10.

MJÓLKUR- OG ÁVAXTAÁSKRIFT

Í upphafi skólaárs er hægt að fá mjólkuráskrift fram til jóla og er greitt með gíróseðli sem Akureyrarbær sendir heim. Verðið er 3.028 krónur fyrir hvora önn. Krakkarnir hafa allir plastglös í stofunum sínum og fá mjólk í könnum inn til sín.

Í nestisviðmiðum yngri deildar er lagt upp með að nemendur drekki mjólk eða vatn og séu með grófmeti, ávexti eða grænmeti í nesti.

Boðið er upp á ávaxtaáskrift þar sem hægt er að kaupa annaðhvort heilan eða hálfan ávöxt sem borðaður er í nestistímanum á morgnana. Oftast erum við með epli, appelsínur, banana eða perur en einn til tveir ávextir eru í boði hvern dag.

Áskrift að hálfum ávexti aðra önnina er 3.461 króna og heill ávöxtur kostar þá 6.922 krónur hvora önn.



MÖTUNEYTI

Allir nemendur skólans eiga kost á því að kaupa heitan mat í hádeginu. Verð á stökum máltíðum er 573 krónur en alltaf þarf að kaupa minnst 10 máltíðir í mánuði. Ef allar máltíðir fyrir/eftir jól eru keyptar (annaráskrift) kostar máltíðin 427 krónur. Pöntun á mat fer fram á netinu eða í gegnum heimasíðu skólans; www.oddeyrarskoli.is og þar til hægri er hlekkurinn *matartorg*. Einnig er hægt að fara beint inn á www.matartorg.is Ritari skólans lætur foreldrum í té aðgangsorð til að nota við innritun í haust. Þeir sem ekki komast í nettengda tölvu hafa samband við ritara skólans sem þá sér um innritun fyrir viðkomandi. Opið er til innritunar 10. – 20. dag hvers mánaðar ef fólk vill kaupa stakar máltíðir (10). Greiðsla fer fram með heimsendum gíróseðli í upphafi hvers mánaðar.

Ef nemendur borða ekki mat í mötuneyti leggjum við áherslu á að þeir hafi með sér hollt og gott nesti sem þeir borða þá í matsal í hádeginu. Kristín Hallgrímsdóttir, ritari skólans veitir allar upplýsingar um skráningu í mat (sími 460-9550).

STUTT VIÐ JÁKVÆÐA HEGÐUN

Í skólanum viljum við styðja við jákvæða hegðun nemenda. Það er m.a. gert með agastjórnumarkerfinu SMT. Starfsfólk reynir að vekja athygli á því sem vel er gert og hrósa fyrir það. Við leggjum áherslu á hrós í orðum og látbragði, auk þess sem við höfum *Þrumuna* sem er viðurkenningarspjald sem nemendur geta fengið þegar þeir leggja sig fram eða standa sig vel á einhvern hátt – ekki aðeins í námi, heldur t.d. með því að fylgja reglum, sýna tillitssemi, vera hjálpsöm o.fl. Þegar bekkurinn hefur safnað tilskyldum fjölda af þrumum gerir bekkurinn eitthvað skemmtilegt saman eina kennslustund. Ef nemandi brýtur skólareglu fær hann val um að fylgja reglunni eða fá brotið skráð. Breyti hann strax til betri vegar velur hann skynsamlega en brjóti hann regluna aftur eða ítrekað, er atvikið skráð í mentor. Ef um ítrekaðar skráningar er að ræða er haft sambandi við foreldra til að leita lausna.



FRÍSTUND

Eftir að skóla lýkur á daginn (sjá meðfylgjandi drög að stundaskrá) er vistun opin til kl. 16:15.

Forskráning í Frístund fer fram að vori og hana þarf síðan að staðfesta að hausti.

Hver klukkustund í Frístund kostar 357 krónur en allir greiða lágmarksgjald fyrir 20 klukkustundir á mánuði, eða 7.140krónur.

Um kl. 14:40 á daginn er síðdegishressing í Frístund. Fyrir hana þarf að greiða 135 krónur. Forstöðumaður Frístundar er Sigrún Gunnarsdóttir (símanúmer Frístundar er 4609557) og hún gefur allar nánari upplýsingar.

ÍÞRÓTTIR OG SUND

Íþróttir eru kenndar tvisvar í viku og alltaf er farið í sturtu eftir íþróttatíma. Oftast eru nemendur í stuttbuxum og bol og berfættir í salnum. Við reynum þó að hafa útiíþróttir í ágúst og september og maí ef veður leyfir.



Sundkennsla er einu sinni í viku og fer fram í Sundlaug Akureyrar. Skólabíll ekur krökkunum í sund og síðan aftur til baka í skólann. Starfsfólk sundlaugar er nemendum innan handar en einnig fer starfsmaður skólans með yngstu börnunum í bílnum.

Auk hefðbundinnar sundkennslu höfum við hug á að bjóða upp á 5 tíma sundnámskeið fyrir alla í 1. bekk í fyrstu viku skólaársins, foreldrum að kostnaðarlausu. Foreldrar sjá þó um að koma börnunum upp í sundlaug, sundlaugarverðir aðstoða þau og þjálfa í að verða sjálfbjarga og Hrafnhildur sundkennari tekur svo á móti þeim. Foreldrar sækja síðan börnin hálf tíma síðar. Tímarnir verða klukkan 16:00 og 16:30 (og 15:30 ef þátttaka er mikil) og geta foreldrar valið þann tíma sem hentar betur.



HEILSUGÆSLA – SKÓLAHJÚKRUN

Hjúkrunarfræðingur er starfsmaður Heilsugæslustöðvarinnar og er í 30% starfshlutfalli við skólann. Hún heitir Ingibjörg S. Ingimundardóttir (isi@akmennt.is) og er til viðtals fyrir nemendur og foreldra. Heilsugæsla í skólum er framhald ung- og smábarnaverndar og er hún m.a. fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum og ónæmisaðgerðum, auk þess sem hjúkrunarfræðingur sinnir sjúkra – og slysaþjónustu að vissu marki á skólatíma. Ingibjörg (Inga) hefur viðveru í skólanum tvo til þrjá daga í viku. Nánari upplýsingar fást í skólanum í haust.

EFNISGJALD – SAMEIGINLEG INNKAUP

Síðustu ár hefur deildarstjóri boðið foreldrum 1. – 4. bekkjar upp á að sjá um innkaup á öllum stílabókum, möppum, gámum o.þ.h. Foreldrar borga þá efnisgjald sem gildir fyrir allan veturinn. Nýlega var bætt við innkaupum á ritföngum og litum og er efnisgjaldið 4000 krónur fyrir veturinn. Þetta er smávægileg hækkun milli ára (500 krónur) því ekki dugði peningurinn sl. ár fyrir öllum gögnum. Svona sameiginleg innkaup eru þegar til lengri tíma er litið hagkvæm því kennarar og nemendur hjálpast að við að passa upp á gögnin í skólanum og fyrirkomulagið getur auðveldað allt utanumhald í skóla og heima. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur mjög vel, þar sem kennarar passa þá sjálfir að nýjar stílabækur séu til, þegar ein klárast o.s.frv. **Ef einhverjir vilja ekki vera með í þessu kerfi, heldur kaupa inn sjálfir, fá þeir nákvæmari efnislista hjá kennurum í haust.**

SKÓLAPEYSUR FYRIR NEMENDUR 1. BEKKJAR

Síðustu ár höfum við gefið foreldrum barna í 1. bekk kost á því að kaupa langerma bómullarbolli sem eru með nafni barnsins og merki skólans. Þetta



hefur reynst vel og hafa foreldrar verið það ánægðir með að eiga skólapeysu fyrir börnin að

þeir kaupa sumir tvær peysur, til að hafa til skiptanna. Starfsfólk skólans er einnig afar ánægt með þetta þar sem þeim gengur betur að læra nöfn barnanna þegar þau eru í merktum peysum. Peysurnar kosta 2500 krónur og hægt er að velja um bláa, rauða, svarta eða gráa peysu. Leggja má inn á reikning og **setja nafn barns sem skýringu**. Kennitalan er 450908-2580 og banka- og reikningsnúmer 0302-13-110242.

MIKILVÆGI SAMSTARFS

Starfsfólk Oddeyrarskóla vill leggja sig fram um að eiga jákvæð og árangursrík samskipti við foreldra nemenda. Liður í því voru heimsóknir kennara til ykkar nú í vor. Í haust munu kennarar gefa ykkur ýmsar fleiri upplýsingar um samstarf, heimanám o.fl.

Það er einnig gott fyrir nemendur sem e.t.v. eiga eftir að vera saman í bekk næstu 10 árin að foreldrar þeirra þekkist og geti rætt málin sín á milli. Í hverjum bekk skólans starfar **bekkjarráð** og oft hefur það skipt foreldrahópnum t.d. í þrennt til að skipuleggja einhverja samverustund með nemendum og foreldrum þeirra einu sinni á hverri önn. Dagskráin þarf ekki að vera flókin né stórkostleg en þessar stundir eiga sinn þátt í því að efla samkennd og góðan bekkjaranda sem er ómetanlegur grunnur fyrir allt starf í skólanum.

Samstarf kennara er ekki síður mikilvægt því öflugt samstarf innan skóla eykur líkur á að við getum brugðist við þörfum nemenda og haft fjölbreytni að leiðarljósi. Við þökkum ykkur fyrir komuna í dag og vonum að þið hafið það gott í sumar.

Kristín og Rannveig



Sólveig umsjónarkennari og Sunna stuðningsfulltrúi

NAUÐSYNLEGT AÐ EIGA FYRIR 1. BEKK VETURINN 2015-2016

- Skólataska (þarf að rúma A4 teygjumöppu)
- Þægilegur sundfatnaður
- Þægileg íþróttaföt (engir skór notaðir í yngstu bekkjunum)

Þessi innkaupalisti gildir ef foreldrar borga efnisgjald, þannig að kennarar sjái um innkaup á bókum, möppum, ritföngum o. fl. Þeir sem vilja sjá um innkaup sjálfir hafi samband við umsjónarkennara eða deildarstjóra og fá ítarlegri innkaupalista.

Efnisgjaldið fyrir veturinn er **kr. 4.000** og er óskað eftir því að foreldrar greiði það **fyrir 1. september eða eins fljótt og mögulegt er**. Hægt verður að leggja inn á reikning. Kennitalan er 450908-2580 og banka- og reikningsnúmer 0302-13-110242 en **mikilvægt er að setja nafn barns í skýringu og senda kvittun í tölvupósti á rannveig@oddeyrarskoli.is**.

Mikilvægt að muna:

- ✓ Viðtöl dagana 22./ 23. ágúst

Okkar viðtal er: _____

- ✓ Greiða efnisgjald – 4000 kr.

- ✓ Sundnámskeið

Okkar tími: _____

- ✓ Skrá í Frístund – gera dvalarsamning

- ✓ Skrá í áskrift (ávexti, mjólk, hádegismat)

- ✓ Kaupa skólapeysu hjá ritara

- ✓ Muna að merkja fatnað, töskur og nestisbox

